

Hvað er FAL?

Læknafélag Íslands (LÍ) er stéttarfélag lækna. Innan LÍ starfa fjögur “aðildarfélög” sem sinna hagsmunagæslu sinna félagsmanna bæði innan LÍ og utan þess.

Félag almennra lækna (FAL) er aðildarfélag “almennra lækna” - það er lækna sem eru ekki með sérfræðileyfi. Læknar sem tilheyra FAL eru flestir í sérnámsgrunni eða í sérnámi. Félagið telur nærri 500 félagsmenn og er stærsta aðildarfélag LÍ. Þar að auki geta læknanemar eftir 4. ár fengið aukaaðild að LÍ og FAL.

Hvað gerir FAL?

Vinna FAL fer fram í þremur nefndum, auk stjórnar FAL:

Hagsmuna- og samninganefnd: Vinnur að málum sem tengjast kjarasamningum lækna, en FAL á tvo fulltrúa í samninganefnd LÍ. Sinnir jafnframt hagsmunagæslu fyrir félagsmenn FAL, t.d. að kjarasamningar séu virtir og málum tengdum vinnuskilyrðum og starfsumhverfi.

Fræðslunefnd: Skipuleggur fræðslukvöld fyrir félagsmenn og kemur að undirbúningi Læknadaga.

Skemmtinefnd: Skipuleggur viðburði fyrir félagsmenn, bæði minni viðburði og GalaFAL sem er nokkurs konar árhátíð félagsins.

Stjórn FAL

Í stjórn FAL sitja fulltrúar sem eru kjörnir á aðalfundi félagsins. Stjórnin fundar reglulega til að ræða mikilvæg málefni félagsins og taka til aðgerðar til að tryggja hagsmuni félagsmanna. FAL á einnig tvo fulltrúa sem sitja í stjórn LÍ. Hægt er að senda erindi til stjórnar FAL á fal@fal.is

Stjórn félagsins 2024-2025 skipa:

Teitur Ari Theodórsson, formaður og fulltrúi í stjórn LÍ - formadur@fal.is

Hjördís Ásta Guðmundsdóttir, varaformaður

Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, ritari

Thelma Kristinsdóttir, fulltrúi í stjórn LÍ

Þorsteinn Markússon, gjaldkeri

Helga Þórsdóttir

Ragna Sigurðardóttir

Jóhannes Davíð Purkhús

Snædís Inga Rúnarsdóttir

Áheyrnarfulltrúar frá Félagi læknanema (FL) í stjórn FAL eru Andri Már Tómasson og Ingi Pétursson.

Get ég verið í FAL?

Allir meðlimir í LÍ geta skráð sig í FAL. Félagsgjöld eru 5.000 kr og eru rukkuð einu sinni á ári. Ef þú ert meðlimur LÍ og vilt gerast meðlimur FAL, þá er einfaldast að senda póst á lis@lis.is

Við hvetjum alla félagsmenn til að ganga í Facebook hópinn “Félag almennra lækna (FAL)” og fylgjast með starfsemi félagsins þar og á Instagram síðu félagsins.